

Verkefnahefti

Hallgrímur Pétursson og nokkur þekkt kvæði hans

Verkefnin í þessu hefti henta vel til að vinna saman í litlum hópum. Gott er að lesa sér svolítið til um Hallgrím Pétursson áður en vinnan hefst. Ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að finna eitt rétt svar við öllum spurningunum.

Fróðleiksmoli

Á þeim tíma sem Hallgrímur var uppi setti guðsótti mark sitt á hugsunarhátt fólks. Mikil áhersla var lögð á að kenna börnum undirstöðuatriði trúarinnar.

1. Heilræðavísur

Ungum er það allra best
að óttast Guð, sinn herra,
þeim mun viskan veitast mest
og virðing aldrei þverra.

Hugsa um það helst og fremst,
sem heiðurinn má næra;
aldrei sá til æru kemst.
sem ekkert gott vill læra.

Vertu dyggur, trúr og tryggur,
tungu geymdu þína,
við engan styggur né í orðum hryggur,
athuga ræðu mína.

Hafðu hvorki háð né spott,
hugsa um ræðu mína,
elska Guð og gerðu gott,
geym vel æru þína.

Lærður er í lyndi glaður,
lof ber hann hjá þjóðum,
hinn er ei nema hálfur maður,
sem hafnar siðum góðum.

Lítillátur, ljúfur og kátur,
leik þér ei úr máta;
varast spjátur, hæðni, hlátur,
heimskir menn sig státa.

Foreldrum þínum þéna af dyggð,
það má gæfu veita,
varast þeim að veita styggð,
viljirðu gott barn heita.

Oft er sá í orðum nýtur,
sem iðkar menntun kæra,
en þursinn heimskur þegja hlýtur,
sem þrjóskastrá við að læra.

Víst ávallt þeim vana halt:
Vinna, lesa, iðja;
umfram allt þó ætíð skalt
elska Guð og biðja.

veitast: fá, hlotnast
þverra: dvína, minnka
æra: heiður
dyggð: trúmennska

lyndi: lund, skap
nýtur: gagnlegur
þurs: heimskingi

lítillátur: hógvær
úr máta: úr hófi, of mikið
spjátur: mont
státa: monta

Verkefni

1. Finnið í vísunum fimm heilræði sem alltaf er gott að hafa í huga.
2. Hvaða heilræði í vísunum finnst ykkur ekki eiga við í dag?
3. Hvaða heilræðum mætti bæta við þau sem þarna er að finna?
4. Reynið að semjið ykkar eigin heilræðavísu.
5. Tengjið eitt eða fleiri af eftirfarandi orðum við hverja vísu: hlýðni, siðprýði, geðprýði, háttvísi, lítillæti, vinnusemi, þagmælska, iðni, trúrækni, heiðarleiki, námsgleði, hófsemi.
6. Lærið utanbókar eina vísu eða fleiri og hlýðið hvert öðru yfir.

Fróðleiksmoli

Á þeim tíma sem Hallgrímur lifði var farið að semja efni sérstaklega handa börnum, áður hlustuðu þau á það sama og fullorðna fólkið. Heilræðavísur Hallgríms eru dæmi um slíkt efni. Frá sama tíma er til mikið af kvæðum um Leppalúða og Grýlu þótt þau séu nú ekki eftir Hallgrím.

2. Passíusálmarnir

Passíusálmarnir eru frægasta verk Hallgríms Péturssonar, þar fjallar hann um þjáningu, dauða og upprisu Jesú Krists. Þeir voru fyrst prentaðir árið 1666 og hafa nú komið út nálægt hundrað sinnum. Sálmarnir eru alls 50 og er hver þeirra allt að 23 erindi. *Passíusálmarnir* hafa verið fluttir í heild í Ríkisútvarpinu á föstunni allt frá árinu 1944.

Örfá erindi úr *Passíusálmunum*

Upp, upp, mín sál og allt mitt geð,
upp mitt hjarta og rómur með,
hugur og tunga hjálpi til.
Herrans þínu ég minnst vil.

Oft má af máli þekkja
manninn, hver helst hann er.
Sig mun fyrst sjálfan blekkja,
sá með lastmælgj fer.
Góður af geði hreinu
góðorður reynist víst;
fullur af illu einu
illyrðin sparir síst.

Gefðu að móðurmálið mitt,
minn Jesú, þess ég beiði,
frá allri villu klárt og kvitt
krossins orð þitt út breiði
um landið hér
til heiðurs þér,
helst mun það blessun valda,
meðan þín náð
lætur vort láð
lýði og byggðum halda.

Son guðs ertu með sanni
sonur guðs, Jesú minn.
Son guðs, syndugum manni
sonararf skentkir þinn.
Son guðs, einn eingetinn.
Syni guðs syngi glaður
sérhver lifandi maður
heiður í hvert eitt sinn.

Vertu, guð faðir, faðir minn
í frelsarans Jesú nafni.
Hönd þín leiði mig út og inn,
svo allri synd ég hafni

Verkefni

1. Hvernig hefst fyrsti *Passíusálmurinn*?
2. Hvað merkir orðið *passía*?
3. Hvaða sögu segir höfundur okkur í sálmunum?
4. *Passíusálmarnir* eru alls 50 og hver þeirra er mörg erindi. Hvað skyldi það hafa tekið höfundinn langan tíma að yrkja þá?
5. Eiga sálmarnir sama erindi við okkur í dag og þeir áttu á þeim tíma sem þeir komu fyrst út?
6. Hvernig tengist efni sálmanna páskahátíð kristinna manna?
7. Hvert haldið þið að sé viðhorf almennings í dag til sálmanna?
8. Haldið þið að einhver hafi lært alla sálmana utanbókar?
9. Kannist þið við einhver erindi úr *Passíusálmunum*?
10. Hvernig tengist *Passíusálmur nr. 51* sálmum Hallgríms?
11. Hvers vegna skyldi Steinn Steinarr hafa nefnt kvæðið sitt þessu nafni?

Athugið: Á síðunni <http://www.snerpa.is/net/kvaedi/pass.htm> getið þið lesið alla sálmana í heild sinni.

Passíusálmur nr. 51

Á Valhúsahæðinni
er verið að krossfesta mann.
Og fólkíð kaupir sér far
með strætisvagninum
til þess að horfa á hann.

Það er sólskin og hiti,
og sjórinn er sléttur og blár.

Þetta er laglegur maður
með mikið enni
og mógult hár.

Og stúlka með sægræn augu
segir við mig:

Skyldi manninum ekki leiðast
að láta krossfesta sig?

Steinn Steinarr

3. Um dauðans óvissan tíma

Yngsta barn Hallgríms og Guðríðar hét Steinunn Hún dó aðeins þriggja ára gömul. Eftir hana orti Hallgrímur sálminn *Um dauðans óvissan tíma*. Hallgrímur hjó sjálfur legstein með nafni Steinunnar. Steinninn hefur varðveist og er nú að finna í kirkjunni í Hvalsnesi þar sem Hallgrímur þjónaði fyrst sem prestur. *Um dauðans óvissan tíma* er eitt þekktasta trúarljóð Hallgríms og hefur verið sungið við jarðarfarir á Íslandi í margar aldir. Sálmurinn er alls þrettán erindi.

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjónvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggju augabragði
af skorði verður fljótt,
lit og blöð niður lagði,
líf mannlegt endar skjótt.

Lífið manns hratt fram hleypur,
hafandi enga bið,
í dauðans grimmar greipur,
gröfin tekur þar við.
Allrar veraldar vegur
víkur að sama punkt.
Fetar þann fús sem tregur,
hvort fellur létt eða þungt.

Nú vel í herrans nafni,
fyrst nauðsyn ber til slík.
Eg er ei þeirra jafni,
sem jörðin geymir nú lík.
Hvenær sem kallið kemur,
kaupir sig enginn frí.
Þar læt ég nótt, sem nemur,
neitt skal ei kvíða því.

Svo hleypur æskan unga
óvissa dauðans leið
sem aldur og ellin þunga,
allt rennur sama skeið.
Innsigli öngvir fengu
upp á lífsstunda bið,
en þann kost undir gengu
allir að skilja við.

Hvorki fyrir hefð né valdi
hopar dauðinn eitt strik.
Fæst síst með fögru gjaldi
frestur um augnablik.
Allt hann að einu gildir,
þótt illa líki eða vel.
Bón ei né bræði mildir
hans beiska heiftarþel.

Ég veit minn ljúfur lifir
lausnarinn himnum á,
hann ræður öllu yfir,
einn heitir Jesús sá.
Sigrarinn dauðans sanni
sjálfur á krossi dó
og mér svo aumum manni
eilíft líf víst til bjó.

Dauðinn má svo með sanni
samlikjast, þykir mér,
slyngum þeim sláttumanni,
er slær allt, hvað fyrir er.
Grösin og jurtir grænar,
glóandi blómstrið frítt,
reyr, stór, sem rósir vænar,
reiknar hann jafn fánýtt.

Hvorki með hefð né ráni
hér þetta líf ég fann.
Sálin er, svo sem að láni.
samtengd við líkamann.
Í herrans höndum stendur
að heimta sitt af mér.
Dauðinn má segjast sendur
að sækja hvað skaparans er.

Ég lifi í Jesú nafni,
í Jesú nafni eg dey.
Þó heilsa og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt.
Í Kristí krafti eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Verkefni

1. Lesið vel hvert erindi og segið síðan með ykkar eigin orðum um hvað það fjallar.
2. Úskýrið hvernig höfundur ber saman ævi mannsins og blóma.
3. Útskýrið myndmálið sem höfundur notar þegar hann fjallar um dauðann.
4. Hvert virðist vera viðhorf höfundar til lífs og dauða?
5. Hvert leitar höfundur huggunar?
6. Hvers vegna haldið þið að þetta sé eitt af þekktari ljóðum höfundar?

Fróðleiksmoli

Í huga flestra er Hallgrímur fyrst og fremst trúarskáld en hann orti einnig ýmsan veraldlegan kveðskap sem þykir athyglisverður, t.d. rímur og tækifærisvísur, ádeilukvæði, iðrunarkvæði og huggunarkvæði.

4. Varhýgð

Auðtrúa þú aldrei sért,
aldrei tala um hug þinn þvert.
Það má kalla hyggins hátt
að heyra margt en skrafa fátt.

Tak þitt æ í tíma ráð,
tókst þó ei sé lundin bráð,
vin þinn skaltu velja þér
sem vitur og þar með tryggur er.

Verkefni

1. Hvers konar ráðleggingar má finna í þessum erindum?
2. Þessar vísur voru ortar á 17. öld. Finnst ykkur að þær eigi erindi fólk í dag?

5. Gráa leit ég gaula q

Gráa leit ég gaula q
gá ég man að hennar h,
sjáarblikinn segir ú,
sá og heyrð'i eg jarma á.
Lofað hef ég að lát'a í t,
ljóðaversin furðu h.
Þenkir margur, þetta c
þeygi gott að treyst'a upp á.

Verkefni

1. Hér er skemmtileg vísa eftir Hallgrím. Hann leikur sér að framburði stafanna í enda hverrar ljóðlínu. Reynið að átta ykkur á því fyrir hvaða orð þeir standa.
2. Um hvað er fjallað í þessari vísu?

Veistu svarið?

Þið getið t.d. leitað á Netinu ef þið eruð í vandræðum – eða spurt einhvern sem gæti vitað svarið!

1. Hvar var Hallgrímur alinn upp?
2. Við hvað vann Hallgrímur fyrst þegar hann kom til Kaupmannahafnar?
3. Hvers vegna hætti Hallgrímur í námi án þess að taka lokapróf?
4. Hvað hétu börn þeirra Hallgríms og Guðríðar?
5. Við hvað starfaði Hallgrímur mestan hluta ævinnar?
6. Hvaða veiki dró Hallgrím til dauða?
7. Hvað varð Hallgrímur gamall?
8. Af hvaða tilefni orti Hallgrímur kvæðið *Um dauðans óvissa tíma*?
9. Hvar og hvenær dó Hallgrímur?
10. Hvað eru Passíusálmarnir margir?

Fróðleiksmoli

Saga ein af Hallgrími segir frá því þegar hann fór fótgangandi suður á Hvalsnes að taka við prestakalli sínu þar. Kom hann seinni part dags á prestssetrið, þreyttur mjög og svangur. Í eldhúsi sat kona og eldaði graut og bað hann hana að gefa sér að borða. Bað kerling hann að hypja sig í burtu hið bráðasta og gaf hreint afsvar, því að hún sagði, að vellingurinn ætti að vera handa nýja sóknarprestinum, honum síra Hallgrími. Varð síra Hallgrími þá að orði:

„Einhvern tíma, kerling, kerling,
kann svo til að bera,
að ég fái velling, velling
og verði séra, séra.“